

## Listaverkasafn Dalvíkurbyggðar

### Söfnunarstefna og útlán safnsins.

#### **Söfnunarstefna:**

Stefnt er af því, ef fjárhagur leyfir, að kaupa myndverk, eftir listamenn sem búsettir eru í sveitarfélaginu, þegar þeir halda sína aðra sýningu, hafi sveitarfélagið ekki eignast verk eftir öðrum leiðum. Taka þarf sérstaka ákvörðun um önnur form listaverka.

#### **Útlánarstefna:**

Fyrirtæki og stofnanir í sveitarfélaginu geta fengið valin listaverk að láni, þ.e. önnur listaverk en eru undanþegin vegna sérstöðu, verðmætis eða annarra ákvæða sem þarf að taka tillit til. Lánstími er 1 – 24 mánuðir eftir samkomulagi hverju sinni. Við útlán gera lántaki og fostöðumaður listaverkasafns með sér samning þar sem m.a. kemur fram fyrirhugaður lánstími, staðsetning listaverks og hvaða einstaklingur innan stofnunar/fyrirtækis er ábyrgðaraðili.

Við útlán, til annarra en stofnana sveitarfélagsins, þarf að greiða tryggingargjald sem ákvarðast af tryggingarfélagi safnsins auk þóknunar vegna vinnu við útlánin, 2000 kr. á verk.

*Samþykkt í menningarráð 13.12.2013*